

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 4. mars kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1197. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundaritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbrún 31 - USK24090379

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í mhl. 01 og aukaíbúð í 02 á lóð nr. 31 við Austurbrún. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Austurbrún 29 og 33 og Kambsvegi 20 og 22. frá 29. nóvember 2024 til og með 3. janúar 2025. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

2. Álfabakki 4A - USK25020235

Sótt er um leyfi til þess reisa byggingu fyrir dælubrunn á lóð nr. 4A við Álfabakka. Erindi fylgir hæðarblað dags.4.913.1 dags. 23.1.2025 og mæliblað 4.913.1 dags.24.4.2024
Stærðir:
Ferm. 17,3 rúmm. 65,8

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

3. Ármúli 38 - USK24060289

Sótt er um leyfi til að breyta notkun skrifstofurýma í íbúðir og byggja svalir á austurhlið 2. hæðar í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl. 03, á lóð nr. 38 við Ármúla. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 23 apríl 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Ármúli 7 - USK24110323

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK22122941 þannig að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum í húsi á lóð nr. 7 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 21. mars 2023.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

5. Bankastræti 2 - USK23120020

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna breytinga á brunavörnum og koma fyrir flóttastiga frá efri hæð niður með suðurgafli veitingarhúss í flokki 2 tegund a fyrir 72 gesti í veitingahúsinu Lækjarbrekku, mhl.01, á lóð nr. 2 við Bankastræti.

Erindi fylgir ódagsett umsögn Minjastofnunar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Bankastræti 2 - USK24110359

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta bakarí á neðri hæð Gamla bakarísins, verslunar- og skrifstofuhúsi við Lækjargötu 3a, mhl.04, á lóð nr. 2 við Bankastræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Barmahlíð 28 - USK24100117

Sótt er um heimild til þess að byggja svalir á íbúð 0301 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 28 við Barmahlíð. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 22. febrúar 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

8. Barónsstígur 11A - USK24120109

Sótt er um leyfi til að breyta veitingahúsi í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með tveimur íbúðum, einnig er sótt um að hækka hús nr. 11B um tvær hæðir, úr tveimur hæðum í þrjár hæðir og ris, sameina mhl. 01 (hús nr. 11A) og mhl. 02 (hús nr. 11B) og skrá húsnæðið sem Barónsstíg 11A á lóð nr. 11A við Barónsstíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Barónsstígur 6 - kaffihús - USK24120127

Sótt er um leyfi til að innrétta kaffihús og bakarí í flokki II ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi á 1. hæð í húsi nr. 6 við Barónsstíg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Bergþórugata 14A - USK25020129

Sótt er um leyfi til þess að loka hluta af stigapalli 3. hæðar sem þannig verður, ásamt stiga að 4. hæð, hluti af ósamþykkttri íbúð, 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 14A við Bergþórugötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningu dags. 5. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Bjargargata 1 - USK25010211

Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur í norðvesturhluta 4. hæðar Grósku á lóð nr. 1 við Bjargargötu.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. janúar 2025 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Borgartún 21 - USK25020104

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070073 þannig að einnig er breytt innra skipulagi í skrifstofurými í norðurhluta kjallara, komið fyrir skiptiaðstöðu og rafmagnstöflu í leikherbergi barna í kjallara húss á lóð nr. 21 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Borgartún 26 - USK25010278

Sótt er um leyfi til að setja sólarcellur á þak húss nr. 26 við Borgartún. Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 28.02.2025

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Borgartún 28 - USK25020184

Sótt er um leyfi til þess að breyta rými 0201 í mhl. 05, flóttaleið er lokað og í staðinn er björgunaropi bætt við brunahólfað fundarherbergi í húsi á lóð nr. 28 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Breiðhöfði 13 - USK24040063

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051154 vegna lókaúttektar í húsi á lóð nr. 13 við Breiðhöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

16. Bríetartún 20 - USK25010215

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir 6 gáma djúpgámasetti sem þjóna á samtals 70 íbúðum í matshlutum 01-09, við lóðarmörk sunnan megin við Bríetartún 26, mhl. 04 og Bríetartún 28, mhl. 05 á lóð nr. 20-36 við Bríetartún.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 fylgir erindi.

Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

17. Bíldshöfði 9 - USK25010056

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta golfherma- og pílustað sem rúmar allt að 100 gesti með veitingasölu í flokki II, teg f, í rými 0105 í verslunar- og lagerhúsi, mhl. 01 á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 6. nóvember 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Depluhólar 8 - USK24100097

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080060 vegna lókaúttektar í húsi á lóð nr. 8 við Depluhóla.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

19. Drápuhlíð 14-16 - USK25010222

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, grafa frá húsi á suðurhlíð, byggja hljólaskýli í garði, gera ljósgryfju á norðurhlíð og koma fyrir sorpgerði þar ásamt því að innrétta fimm íbúðir í fyrrum heilsugæslu í húsi á lóð nr. 14 við Drápuhlíð. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 fylgir erindi.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

20. Dynskógar 11 - USK25020128

Sótt er um leyfi til að stækka svalir og byggja yfir þær, setja nýjar útihurðir og glugga, færa sorp, taka lagnarými í kjallara í notkun sem geymslu og auk þess er breyting á innra skipulagi húss nr. 11 við Dynskóga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Efstaland 26 - USK25020153

Sótt er um leyfi til að innrétta vistheimili barna á 3. hæð í Grímsbæ á lóð nr. 26 við Efstaland. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar fylgir erindi. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

22. Einarsnes 64 - USK25020049

Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 64 við Einarsnes.

Stækkun: 6,9 ferm.

Erindi fylgja gögn um deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var í B-deild 27. júlí 2022 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Einarsnes 66A - USK25020047

Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og anddyri sem hefur verið rífið við einbýlishús á lóð nr. 66 við Einarsnes.

Stækkun: 20,7 ferm.

Erindi fylgja gögn um deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var í B-deild 27. júlí 2022, bréf um sameiningu fasteigna og yfirlit breytinga.

Stærð eftir breytingu: 223,1 ferm., 524,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

24. Fiskislóð 39 - USK24110092

Sótt er um leyfi til að stækka milliloft og breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 39 við Fiskislóð
Stækkun: 71,6 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

25. Fálkagata 2 - USK24050293

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi þannig að eldhús er fært inn í stofu, og í staðinn gert herbergi og snyrting auk þess sem bætt er við glugga, björgunaropi, frá eldhúsi út á þak á austurhlið íbúðar 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Fálkagötu.

Erindi fylgir yfirlýsing frá meðeiganda dags. 25. febrúar 2025, samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 30. júní 1989.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Grenimelur 25 - USK25020131

Sótt er um leyfi til þess að fá áður gerða íbúð 0001 samþykkt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Grenimel.

Samskonar erindi USK24050042 var synjað 10. september 2024.

Erindi fylgir rökstuðningur hönnuðar dags. 11. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum samþykktum 26. maí 1944.

Synjað. Samræmist ekki ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

27. Hafnarstræti 18 - USK25010338

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN054146, með síðari breytingum BN056543, BN058455 og USK23050206 þannig að innra skipulagi er breytt í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar í afriti af tölvupósti dags. 30. janúar 2025 og greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V02 dags. 8. janúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 4. september 2018.

Frestað. Lagfæra skráningu.

28. Hallgerðargata 19 - USK25020126

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í verslunarhúsi á lóð nr. 19 við Hallgerðargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

29. Hofteigur 12 - USK25010210

Sótt er um leyfi til þess að breyta bílskúr í vinnustofu og breyta timbur útistiga í stálstiga á húsi á lóð nr. 12 við Hofteig.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. bókun skipulagsfulltrúa 13. febrúar sl.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Hringbraut 121 - USK25020152

Sótt er um að breyta erindi USK24040341 þ.a.l. er sótt um að breyta flokkun í Gistiheimili flokkur II tegund(D) Gistiskála á lóð nr. 121 Hringbraut. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst dags. 24. febrúar 2025.

Erindi fylgir greinargerð brunahönnuði dags. 10.2.2025 og hæðarblað dags. 4.2002

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

31. Hverafold 1-3 - USK24120169

Sótt er um áður gerða framkvæmd sem snýr að innanhúss og notkunarbreytingu í sólbaðsstofu í rými 0202 í húsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 17. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Háahlíð 9 - USK25020234

Sótt er um leyfi til að uppfæra brunavarnir og jafnframt gerð grein fyrir minni háttar breytingum á innra skipulagi í skátaheimili í húsi á lóð nr. 9 við Háahlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Hæðargarður 22 - USK25020004

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050047 þannig innra skipulagi rishæðar er breytt, svalir og kvistur á suðurþekju er stækkaður á íbúðarhúsi á lóð nr. 22 við Hæðargarð.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24020005 umsókn um samskonar breytingar á aðliggjandi lóð nr. 24 við Hæðargarð.

Stækkun: 1.8 ferm., 8.5 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 4. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Hæðargarður 24 - USK25020005

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24030046 þannig innra skipulagi rishæðar er breytt, svalir og kvistur á suðurþekju er stækkaður á íbúðarhúsi á lóð nr. 24 við Hæðargarð.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24020004, umsókn um samskonar breytingar á aðliggjandi lóð nr. 22 við Hæðargarð.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 4. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Hólmaslóð olíustöð 1A - USK24090334

Sótt er um leyfi til að breyta bensínþró í tvær aðskildar þrær á lóð nr. 1A við Hólmaslóð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

36. Hólmgarður 46 - USK25010104

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030045 með því að dýpka svalir í risi og sleppa svölum á annarri hæð á húsi á lóð nr. 46 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

37. Iðunnarbrunnur 14 - USK24050040

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða tvíbýlishús úr hleðslukubbum, efri hæð klædd steinflísu, á lóð nr. 14 við Iðunnarbrunn.

Stærð, A-rými: 282,1 ferm., 928,4 rúmm.

B-rými: 71,7 ferm.

Samtals 353,8 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

38. Járnsléttu 4 - USK25020122

Sótt er um leyfi til að byggja þrjú stálgrindarhús og innréttu 20 geymslur í hverju á lóð nr. 46 við Járnsléttu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 6. febrúar 2025, greinargerð aðalhönnuðar dags. 10. febrúar 2025 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 11. febrúar 2025. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 fylgir erindi.

Mhl. 01, 02 og 03: 1.162,5 ferm., 7.112,3 rúmm. hver.

Samtals á lóð: 3.487,5 ferm., 21.336,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Kleifarvegur 12 - USK25010126

Sótt er um leyfi til að stækka baðherbergi og breyta innra skipulag og til að byggja garðskála umdir svölum 1. hæðar í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 29. september 2024, yfirlit breytinga, gátlisti umsækjanda og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 14. janúar 2025.

Stækkun: 31,7 ferm., 76,6 rúmm.

Eftir breytingu: 442,5 ferm., 1.229,2 rúmm.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við erindið sbr. bókun 23. janúar 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á

tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

40. Klettagarðar 12 - USK24090354

Sótt er um leyfi til að byggja milliloft í atvinnuhúsi á lóð nr. 12 við Klettagarða. Erindi fylgir bréf frá skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2024. Stærð: 498,6 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

41. Koparsléttu 16 - USK23110336

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23070155, þannig að milligólf er minnkað í vesturenda mannvirkis, innra skipulagi og hurða- og gluggasetningum er breytt á suður- og norðurhlið iðnaðar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 16 við Koparsléttu. Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla Öruggh ehf útgáfa V03 dags. 16. desember 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. nóvember 2023.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

42. Köllunarklettsvegur 6 - USK25020124

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu sem hýsa á lager og frystigeymslu við hús á lóð nr. 6 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir teikningaskrá, brunahönnun dags. 5. febrúar 2025 og útreikningur á varmatapi dags. 10 febrúar 2025.

Stækkun: 2.227,6 ferm., 31.638,4 rúmm.

Eftir stækkun: 4.528,6 ferm., 54.049,6 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Laugavegur 2 - USK24100346

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að umfang matsölu er minnkað og eldhúsi breytt í móttökueldhús í veitingarstað í flokki II tegund f fyrir ?? gesti í verslunar- og veitingarhúsi á lóð nr. 2 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 2. mars 2004 og afrit af aðaluppdrætti sem synjað var 14. júlí 2012.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Laugavegur 29 - USK25010213

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090251 þannig að opnað er inn í bakbyggingar, gerð skábraut þangað, léttir veggir fjarlægðir og innréttuð rakarastofa í bakhúsi á lóð nr. 29 við Laugaveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Lindargata 14 - USK25010127

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050087 þannig að hætt er við hækkun þaks húss á lóð nr. 14 við Lindargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Meistaravellir 19 - USK25010216

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir 6-gáma djúpgámasetti sem þjóna samtals 48 íbúðum í fjölbýlishúsunum við Meistaravelli 19-23, mhl.01-03 og Meistaravöllum 25-29, mhl.01-03, staðsettir við norðurhlið lóðar nr. 19-23 við Meistaravelli. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025 fylgir erindi.

Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

47. Melhagi 9 - USK24070116

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 1. hæðar, grafa frá stofu og herbergi, útbúa verönd og innréttu íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Melhaga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt og teikningaskrá.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Norðlingabraut 2 - USK25020154

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060405 vegna öryggisúttektar á 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 2 við Norðlingabraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Norðurstígur 3 - USK25010193

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofan á núverandi íbúðarhúsi, fjölga eignum og bæta við tveimur íbúðum í íbúðarhúsi á lóð nr. 3 við Norðurstíg.

Stækkun: 126.3 ferm., 440.9 rúmm.

Sambærileg erindi BN053130 og BN057007 voru samþykkt á afgreiðslufundi þann 10. október 2017 og þann 28. janúar 2020 en féllu úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda á teikningum THG arkitekta dagsettum 27. desember 2024, afrit af deiliskipulagsuppdrætti fyrir Norðurstígsreit 1.132.0, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2017 og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum sem samþykktar voru 28. janúar 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Rauðarárstígur 27 - USK25020151

Sótt er um leyfi til þess að innrétta gististað í flokki II, tegund b, fyrir 197 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 15. janúar 2024.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd sbr. bókun dags. 27. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Seljabraut 38 - USK24100180

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og íbúð hefur verið stækkuð með því að opna upp í þakrymi þar sem innréttuð hefur verið geymsla og sjónvarpshol auk þess sem komið hefur verið stiga á milli hæða í íbúð 0401 í fjölbýlishúsi nr. 38, mhl.02 á lóð nr. 36 - 52 við Seljabraut.

Stækkun íbúðar 0401: 33.6 ferm., 77.4 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda í skjölum dags. 17. janúar 2025 og 11. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 22. mars 2005.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi til að skráningin öðlist gildi.

52. Sigtún 30 - USK24040211

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057325 þannig að innra skipulagi og útliti íbúða hefur verið breytt ásamt því að brunavörnum hefur verið breytt, bætt við baðherbergjum og þvottahúsum, svefnherbergjum fækkað, gólfsíðum gluggum fjölgað og komið fyrir loftræsisamstæðum í hverri íbúð sem verða 109 í sex fjölbýlishúsum á áður samþykktum bílakjallara á lóð nr. 30 við Sigtún.

Jafnframt er erindi USK24050288 dregið til baka.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 16. apríl 2024. Stærð eftir breytingu: 23.863 ferm., 87.732,3 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

53. Skólavörðustígur 40 - USK24120055

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi á hluta virkisrýmis og gera geymslu, rými 0402, í eigu íbúðar 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi á teikningu Zeppelin arkitekta nr. 0104 (G) dags. 7. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

54. Skúlagata 4 - USK25010274

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059608 með því að klæða útveggi með ljósgráum Dekto steinflísnum að framanverðu en ljósgráum álplötum á bakhlið og viðbyggingu að aftanverðu í húsi nr. 4 við Skúlagötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11.nóvember 2024.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemdir við erindið samanber tölvupóst dags. 4. mars 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

55. Snorrabraut 29 - USK23040092

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að því að setja svalir og breyta innra skipulagi fyrir 0201,0202 og 0205 og færa geymslur frá íbúðum niður í kjallara í húsi nr. 27-29 við Snorrabraut. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2021 og 28.september 2023. Tillaga að breytingu á skilmálum deliskipulags samþykkt 5. september 2024. Erindi fylgir samþykki meðeigenda sem vísar í skjali dags. 29. júní 2023 og 3.feb. 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Sundlaugavegur 9 - USK24120168

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð 0001 í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Sundlaugaveg. Erindi fylgir afrit af eldri samþykktum aðaltekningum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Suðurlandsbraut 6 - USK25020087

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til þess að breyta notkun og innra skipulagi, innrétta skrifstofur fyrir um 40-50 manns, bæta flóttaleiðir með því að setja svalir og flóttastiga frá 2. hæð, grafa út verönd við suðurhlíð, síkka hurð í gólfhæð til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að flóttaleið frá 1. hæð bakhúss; mhl.04, á lóð nr. 6 við Suðurlandsbraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. nóvember 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

58. Sægarðar 1 - USK24100381

Sótt er um leyfi til að reisa aðveitustöð veitna á einni hæð auk kjallara sem skal hýsa spenna, annan tæknibúnað, stjórnbúnaðarrými og starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 1 við Sægarða. Stærð 1.218,7 ferm. og 6566,5 rúmm

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

59. Sólheimar 36 - USK25020173

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24040190 vegna formgalla á grenndarkynningu þannig að frágangi og við tómsundahús með hjóla- og sorpgeymslu, mhl.02, er breytt og stoðveggur lækkaður á lóðarmörkum í norðvesturhorni lóðar nr. 36 við Sólheima.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

60. Sólvallagata 22 - USK24060035

Sótt er um leyfi til þess að byggja kvist á austurbekju einbýlishúss á lóð nr. 22 við Sólvallagötu. Stækkun: 2.1 ferm., 2.1rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 25. mars 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 14. maí 2027.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

61. Súðarvogur 52 - USK25020230

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúðir á 2. og 3. hæð og setja svalir á hvora hæð í húsi á lóð nr. 52 við Súðarvog.

Erindinu fylgir samþykki eiganda fyrstu hæðar dags. 18. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

62. Tjarnargata 32 - USK24010244

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi vegna aðgengismála á 1. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 32 við Tjarnargötu.

Erindi fylgir mæliblað dags. 31.1.1984

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

63. Tunguvegur 19 - USK25010129

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN052227 vegna lokaúttektar á lóð nr. 19 við Tunguveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi. Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

64. Vallargrund 3 - USK25010352

Sótt er um leyfi að breyta upplýstu skilti í stafrænt skilti á lóð nr. 3 við Vallargrund.

Synjað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. febrúar 2025.

65. Vallarstræti 4 - USK25020232

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057206 þannig að allt timbur burðarvirki verður endurnýjað í húsi á lóð nr. 4 við Vallarstræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

66. Vesturgata 2 - USK25020150

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059607 þannig að hætt er við Mathöll og þess í stað innréttaður veitingastaður í flokki? tegund ? fyrir ? gesti í húsi á lóð nr. 2 við Vesturgötu.
Erindi fylgir afrit af samþykktum aðaluppdráttum samþykktum 24. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

67. Víðimelur 67 - USK25020233

Sótt er um leyfi til að stækka kjallara út undir viðbyggingu á 1. hæð á einbýlishúsi á lóð nr. 67 við Víðimel.
Stækkun: 19,2 ferm., 49,9 rúmm.
Eftir stækkun: 330, 8 ferm., 1.018,6 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar og/eða til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

68. Þorragata 1 - Barnasalerni - USK25020335

Tilkynnt er um framkvæmd sem snýr að því að setja upp eitt barnasalerni til viðbótar auk þess er fækkun barna í skólastofum í húsi nr. 1 við Þorragötu.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

Fundi slitið kl. 11:40

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**